

306. mál

Svar við upplýsingabeiðni atvinnuveganefndar um endurgreiðslur vegna kvikmynda	
Sent til	Atvinnuveganefnd
Sent frá	Iðnaðarráðuneyti
Dags	10. desember 2011
Efni	Umbeðin gögn á fundi atvinnuveganefndar 9. desember 2011

1. Fyrirspurn til iðnaðarráðuneytis

Fulltrúar iðnaðarráðuneytis mættu fyrir atvinnuveganefnd þar sem rætt var um frumvarp um breytingar á lögum nr. 43/1999. Á fundinum var lögð fram ósk um frekari upplýsingar.

Óskað var eftir upplýsingum um:

- Heildarfjárhæð endurgreiðslna undanfarin ár
- Skiptingu endurgreiðslna eftir því hvort um innlend eða erlend verkefni er að ræða
- Yfirlit yfir fjárheimildir til endurgreiðslna
- Vænta stöðu endurgreiðslna á næsta ári

2. Svar iðnaðarráðuneytis

Svarið verður sett fram með þeim hætti að fyrst er sett fram yfirlitsmynd yfir helstu stærðir sem spurt er um, en töflur og upplýsingar um hvert atriði þar á eftir.

Yfirlitsmynd yfir helstu stærðir


Myndin að neðan sýnir útgjöld til endurgreiðslna vegna kvikmynda frá árinu 2005 á verðlagi ársins 2011.

Einnig eru sýndar fjárheimildir hvers árs eins og þau eru samþykkt í fjárlagafrumvarpi ársins, auk fjárheimilda ársins með yfirfærðri stöðu frá fyrra ári og fjárheimilda á grundvelli fjárlagala.

Við árið 2012 eru sýndar skuldbindingar vegna kvikmyndaverkefna sem hafa skilað inn uppgjöri á síðasta ársfjórðungi ársins 2011, eða gert er ráð fyrir að skili inn uppgjöri fyrir áramót.

Allar fjárhæðir eru í milljónum króna og eru færðar til verðlags ársins 2011.

Útgjöld til endurgreiðslna frá 2005 á verðlagi ársins 2011 ásamt ógreiddum skuldbindingum ársins 2011 og fjárheimildum



Tafla sem sýnir heildarfjárhæð endurgreiðslna og skiptingu í innlend og erlend verkefni

Taflan sýnir útgjöld til endurgreiðslna vegna kvikmynda á verðlagi hvers árs, með aðgreiningu milli innlendra og erlendra verkefna.

Endurgreiðslur til kvikmynda á verðlagi hvers árs

Ár	Innlend verkefni	Erlend verkefni	Samtals
2005	305	2	307
2006	43	122	165
2007	184	3	187
2008	87	2	90
2009	219	0	219
2010	169	21	190
2011	295	19	315
2012*	206	146	352

* Á árinu 2012 eru sýnd þau verkefni sem hafa þegar myndað greiðsluskuldbindingu, þ.e. uppgjöri var skilað á síðasta ársfjórðungi ársins 2011 en greiðslu hefur verið frestað þar til fjárheimild fæst, í samræmi við lagaheimild þar að lútandi. Gert er ráð fyrir að þessar skuldbindingar verði greiddar af fjárheimild ársins 2012.

Tafla sem sýnir fjárheimildir til endurgreiðslna vegna kvikmyndagerðar

Taflan sýnir fjárheimildir hvers árs á fjárlagalið vegna endurgreiðslna vegna kvikmyndagerðar á Íslandi (11-251) á verðlagi hvers árs.

Taflan sýnir heildarfjárheimild ársins og hvernig hún skiptist milli samþykkrar heimildar í fjárlögum ársins, yfirfærðar stöðu frá fyrra ári og samþykkrar heimildar í fjárukalögum.

Fjárheimildir vegna endurgreiðslna til kvikmynda (fjárlagaliður 11-251) á verðlagi hvers árs

Ár	Heimild í fjárlögum ársins	Yfirfærð staða frá fyrra ári	Heimild í fjárukalögum	Heildarfjárheimild ársins
2005	125	134	275	534
2006	75	227	0	302
2007	75	137	0	212
2008	75	25	50	150
2009	125	58	32	215
2010	157	-10	89	236
2011	157	40	120	317
2012	400			400

Staða fjárheimilda árið 2012

Miðað við núverandi stöðu fjárheimilda og yfirsýn yfir verkefni sem eru þegar í vinnslu virðist ljóst að fjárheimild í fjárlögum ársins 2012 mun aðeins duga til þess að greiða skuldbindingar vegna ársins 2011 og hluta verkefna sem koma væntanlega til útborgunar í janúar 2012. Það er í samræmi við meirhlutaálit fjárlaganefndar um að samþykkja ekki fjárheimildir til þessa verkefnis þar sem framlenging laga um endurgreiðslur til kvikmyndagerðar hafði ekki verið samþykkt.

Verði frumvarpið samþykkt og endurgreiðslukerfið haldi áfram er ljóst að fresta þarf greiðslum vegna nýrra verkefna þar til auknar fjárheimildir fást.